

REGLUR
um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags
til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Varið skal 250 millj. kr. til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

2. gr.

Varið skal 150 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 2001–2003. Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2000, 2001 og 2002 og bráðabirgðatölur 1. desember 2003.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef fækkun í sveitarfélagi hefur verið umfram þrjá íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli fjárukalaga fyrir árið 2003, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 2003.

Árni Magnússon.

Hermann Sæmundsson.